



VINNUSTOFA UM NÝJAR KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR UM LÍKNARMEÐFERÐ

Lífið – samtök um líknarmeðferð og líknarráðgjafateymi Landspítala standa fyrir hagnýtu námskeiði þar sem kynntar eru nýjar klínískar leiðbeiningar um líknarmeðferð. Námskeiðið er sniðið að læknum og hjúkrunarfræðingum en allar heilbrigðisstéttir eru velkomnar.

Dagsetning: 25. apríl 2018

Tímasetning: Kl. 9:00-16:00. Húsið opnað kl. 8:30.

Staður: Safnaðarheimili Háteigskirkju

Námskeiðsgjald: 13.000 kr. fyrir félagsmenn í Lífinu, 18.000 kr. fyrir aðra og 9.000 kr. fyrir nema. Innifalið í verði er hádegisverður og aðrar veitingar. Minnt er á styrki stéttarféлага til að fá námskeiðsgjald endurgreitt.

Æskilegt er að þátttakendur komi með fartölvu eða snjalltæki til að geta flett í leiðbeiningum á vinnustofunni.

- Hverjir geta haft gagn af líknarmeðferð?
- Hvernig get ég hafið umræðu um meðferðarmarkmið við sjúkling?
- Hvaða verkfæri hef ég til að meta og meðhöndla einkenni?
- Hvernig er best að halda fjölskyldufund?
- Hvernig spyr ég um sálræna líðan?
- Hvenær er sjúklingur hæfur til ákvarðanatöku?
- Hvernig bregst ég við ósk um að flýta dauða?
- Hverjir þurfa sérhæfða líknarmeðferð?
- Hvernig greini ég að sjúklingur sé deyjandi?

